

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 977/2018 um meistara- og doktorsnám í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands.

1. gr.

3. málsl. 1. mgr. 1. gr. reglnanna orðast svo: Jafnframt er heimilt að bjóða nám til viðbótardiplómu lokaprófs á meistarastigi og örnám í þessum þremur greinum.

2. gr.

Fyrirsögn II. kafla skal vera: **Ákvæði um meistaranám, nám til lokaprófs á meistarastigi og örnám.**

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglnanna:

- a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Umsókn skal skilað í viðeigandi innritunargátt Háskóla Íslands á sérstöku rafrænu eyðublaði. Fylgiskjölum skal skilað á sama stað.
- b. 5. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ferli umsókna um nám til lokaprófs á meistarastigi og meistara-gráðu í lýðheilsuvísindum er eftirfarandi:
- c. Í stað orðsins „viðbótardiplómu“ í 1. málsl. bókstafslíðar d. í 1. mgr. koma orðin: lokaprófs á meistarastigi.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglnanna:

- a. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Nám til lokaprófs á meistarastigi er 60 einingar að loknu BS- eða BA-prófi eða öðru háskólanámi sem metið er jafngilt fyrsta háskólaprófi og skal miða við að diplómanámið sé tvö misseri í fullu námi.
- b. Í stað orðsins þrjú í 2. málsl. 2. mgr. kemur orðið: sex.
- c. Nýr málslíður bætist við 2. mgr., svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1. málslíðar skulu nemendur sem þegar stunda 30 eininga viðbótarnám á meistarastigi eiga þess kost að ljúka náminu samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi var þegar þeir hófu nám.
- d. Ný málsgrein bætist við á eftir 2. mgr., svohljóðandi:
Námsstjórn er heimilt að skipuleggja og bjóða fram örnám, sbr. 55. gr. reglna nr. 569/2009.

5. gr.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði með heimild í 3. mgr. 18. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008. Reglurnar hafa verið samþykktar af viðkomandi fræðasviðum, háskóladeildum og Miðstöð framhaldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 12. febrúar 2025.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinnsson.